

# Rafrænt umsóknarblað fyrir rekstraraðila mengandi starfsemi

Umhverfisstofnun / 20.4.2021 16:25

## Upplýsingar um umsóknina

Athygli umsækjanda er vakin á því að hægt er að uppfæra notendaupplýsingar undir flípanum Notandi. Þetta getur sérstaklega átt við þegar umsækjandi hefur áður sótt um starfsleyfi en upplýsingar um hann ekki verið endurnýjaðar.

Umsækjandi skal tryggja að nauðsynlegar upplýsingar komi fram í umsókn, samanber 6. grein 550/2018, einkum liðum a til k í annarri málsgrein.

Dæmigerður ferill umsóknar: Dæmigerður ferill máls um starfsleyfisumsókn.pdf

## Upplýsingar um rekstraraðila

Samkvæmt reglugerð 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, eiga eftirfarandi upplýsingar um starfsemina að koma fram:

Ábyrgðarmaður umsóknar	Ásgeir Eiríkur Guðnason
Sími ábyrgðarmanns	8674433
Netfang ábyrgðarmanns	asgeir@saebyli.is
Nafn fyrirtækis	Sæbýli ehf
Kennitala fyrirtækis	5210070600
Starfsstöð fyrirtækis	Ægisdaga 1
Póstnúmer og staður	240 Grindavík
Sími fyrirtækis	8674433
Netfang fyrirtækis	asgeir@saebyli.is
Tengiliður fyrirtækis ef annar en ábyrgðarmaður umsóknar	Ásgeir Eiríkur Guðnason
Sími tengiliðs	8674433
Netfang tengiliðs	asgeir@saebyli.is

## Upplýsingar um atvinnurekstur

Lýsið tegund og umfangi atvinnurekstrar, sem og umfangi einstakra rekstrarþátta ef við á

Sæbýli ehf á og rekur sæeyrnaeldisstöð á Eyrarbakka með framleiðslugetu upp á um 70 tonn á ári. Nú er gert ráð fyrir því að fullri framleiðsla þar verði náð 2024. Sæeyru er eitt af verðmætasta sjávarfangi sem kemur upp úr hafinu og stærsta markaðssvæðið er í Asíu.

Sæeyrun sem Sæbýli er með í eldi eru sæsniglar af tegundinni haliotis discus hannai ættað frá Japan og haliotis rufescens ættað frá Kaliforníu.

Sæeyrun lifa á 2 til 20 metra dýpi á hlýum og tempruðum svæðum og lifa á þara sem að þeim rekur.

Sæbýli hefur núna fest kaup á Ægisdaga 1 í Grindavík, 3200 fermetra húsnæði sem það ætlar að nota til framleiðslu á ungvíði sem fer síðan í áframeldisstöðvar sem byggðar verða á næstu árum. Starfssvæði sem nú er sótt um er Ægisdaga 1, 240 Grindavík. Húsið var upphaflega byggt sem fiskvinnsluhús og starfsemin krefst engrar breytinga á því húsi.

Allt eldi félagsins fer fram á landi í SustainCycle eldiskerfinu sem félagið hefur þróað undanfarin ár.

Kostir SustainCycle og staðsetningar þess:

- 80% til 90% eldisvökvans er hreinsaður og endurnýttur.
- Eldiskerfið félagsins er hannað með sjálfbærni í huga til þess að lágmarka öll umhverfisáhrif.
- Eldiskerfið félagsins er hannað þannig að lítið sem ekkert fóður fer til spillis og því koma nánast engar fóðurleyfar frá eldinu.
- Viðtakinn fyrir utan eldisstöð félagsins er opið Atlandshafið.
- Nákvæmt bókhald er haldið yfir allt eldi félagsins.
- Einungis er notuð vistvæn orka til eldisins.

Stærð eldisstöðvar verður undir 200 tonnum, húsrýmið leyfir 190 tonna eldi. Eldisvökvinn er endurnýttur allt að 90% á sólarhring. 190 tonna eldi þarf u.þ.b 10 lítra á sekúndu.

Nú þegar hefur verið borað eftir ferskum sjó við húsvegginn, holan er 40 metra djúp og sjógæði eru góð.

Eldiskerfið er hannað af Sæbýli til þess að ala í sæeyru og hugsanlega fleirri botnlæg sjávardýr á hagkvæman og umhverfisvænan hátt. Kerfið er byggt upp með eldisrennum þar sem eldisrennurnar eru byggðar inn í rekkakerfi þar sem þær eru mjög aðgengilegar til sjónræns eftirlits.

Eldisvökvinn er hreinsaður í uppstreymissíu sem tekur bæði grugg og breytir amóníaki yfir í nitriti og nitriti síðan yfir í nítat. Við teljum að þessar síur séu hæfar til þess fá einkaleyfi á.

Fóðrun á sér stað einusinni á dag og það er fóðrað tiltölulega nákvæmlega það magn sem dýrin þurfa. Fóðurstuðull í kerfinu er í kringum 0,7 sem þíðir að mjög lítið af fóðri fer til spillis.

Meðfylgjandi er skýrsla um rannsókn sem Matís gerði um losun kerfisins.

Uppdrættir af staðsetningu	Mail Attachment.jpeg
Afrit af staðfestu deiliskipulagi	Web Page.pdf
Lýsið staðháttum við vinnslustað (rekstrarsvæði)	Fylgiskjal vegna starfsleyfisumsóknar Sæbýlis á Ægisgötu 1 Grindavík.docx

Hvaða efni og orka eru notuð við framleiðsluna?

Rafmagn og heitt vatn er orkugjafinn í eldisstöðinni.

Önnur efni sem notuð eru:

Virasure kg Fótaböð ofl. sótthr.

Klór Til sótthreinsunar á gólfi og botnnámsplötum.

Kvartól ltr. Til þrifa og sótthr.

Rekstrarvörur. handspritt

NaOH kg. Notað til að hækka pH fyrir hrygningu í stað tris og til þess að hækka sýrustig í eldisvökva.

Tris gr. Notað til að hækka pH fyrir hrygningu

Hydrogen peroxíð ml. Notað til að örfa hrygninga- dýr til hrygningar

Streptocillin Notað í lirlueldi

Phenoxyethanol ml. Notað til að meðhöndla sjó fær dýrin til að sofna

Gaba gr. Fær lirlur til að setjast

Natríummetasilikat kg Byggingarefni fyrir kísilþörunga

Handsápa ltr. Handþvottur

Hver er fyrirsjáanleg losun framleiðslunnar?

Vegna þess að eldið á sér stað í endurnýtingarkerfi þá er mjög lítið sem kemur frá því af úrgangsefnum. Matís gerði rannsókn á þeim efnum sem eldið skilar af sér og skýrslan um það verkefni fylgir hér með.

Ísland skilar losun á eftirfarandi efnum skv. CLRTAP og UNFCCC. Rekstraraðilar er falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skila gögnum um losun gróðurhúsalofttegunda skv. lögum nr. 70/2012. Vinsamlegast tilgreinið þá losun í loft sem á sér stað í þeim einingum sem gefnar eru upp í skjalinu. Ef um er að ræða aðra losun er hér er talin upp má bæta við efnum neðst í skjalið.

Fyllið út og skilið inn þessu skjali: Listi skil til althjodasamninga.xlsx

Losunartölur vegna alþjóðasamninga

Mat á umhverfisáhrifum (samanber 6. málsgrein 6. greinar reglugerðar 550/2018)

Upplýsingar um stöðu mats á umhverfisáhrifum eða matsskyldu fyrirspurnar

Eldið á Eyrbakka er ekki matskylt og það á væntanlega líka við um Grindavík.

Sæbýli sendi erindi á Skipulagsstofnun um það málefni og er að bíða eftir svari þaðan.

## Áhrif á umhverfið

Hver eru áhrif losunar á umhverfið?	Discharge data_final.docx
Hvaða mengunarvarnir verða valdar til að hindra eða draga úr losun út í umhverfið?	
SustainCycle eldiskerfið gerir það að verkum að lítil sem engin mengun kemur frá eldinu og vegna þess er ekki frekari þörf á mengunarvörnum. Frárennsli frá verðandi eldi er aðskilið frá fráveitukerfi bæjarins og er í opið Atlandshafið.	
Hverjar eru áætlaðar aðgerðir til að fylgjast með losun út í umhverfið?	Fylgiskjal vegna starfsleyfisumsóknar Sæbýlis á Ægisgötu 1 Grindavík.docx
Lýsið tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið	Á ekki við
Lýsið ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs	Flokkunargámar verða við eldið fyrir almennt rusl.

Lýsið tegund og magni úrgangs sem fellur til við framleiðsluna Það er mjög lítið sem fellur til af úrgangi, það er þá helst plastpokar utan af fóðri, einnota hanskar, pappírshandþurrkur og annað tilfallandi.

Lýsið því hvort aðferðir sem valdar hafa verið til að draga úr mengun, komi til með að valda mengun annarsstaðar Á ekki við

Munu losunarþættir viðkomandi reksturs hafa í för með sér sammögnunaráhrif? Nei

Skýrsla um grunnástand (ef við á)

Í reglugerð nr. 550/2018 segir í 15. gr.: „Þegar starfsemi felur í sér notkun, framleiðslu eða losun tiltekinna hættulegra efna skal rekstraraðili, með hliðsjón af mögulegri jarðvegs- og grunnvatnsmengun á iðnaðarsvæði starfseminnar, taka saman og leggja fyrir Umhverfisstofnun skýrslu um grunnástand svæðisins áður en starfsemin hefst eða áður en starfsleyfi starfseminnar er uppfært.“

Umhverfisstofnun hefur gert leiðbeiningar til umsækjenda um starfsleyfi fyrir skýrslur um grunnástand

Evrópusambandið hefur gefið út leiðbeiningar um skýrslur fyrir grunnástand.

Skýrsla um grunnástand sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 550/2018

Valkostir í áætluðum aðgerðum til að fylgjast með losun í umhverfið Á ekki við

## Annað

Sýniseintök til viðmiðunar:

Áætlun vegna rekstrarstöðvunar; (Sýniseintak)

Samantekt sem er ekki á tæknimáli um þau atriði sem fram koma í umsókninni.

Kostir SustainCycle og staðsetningar þess:

1. 80% til 90% eldisvökvans er hreinsaður og endurnýttur.
2. Eldisferfið félagsins er hannað með sjálfbærni í huga til þess að lágmarka öll umhverfisáhrif.
3. Eldisferfið félagsins er hannað þannig að lítið sem ekkert fóður fer til spillis og því koma nánast engar fóðurleyfar frá eldinu.
4. Viðtakinn fyrir utan eldisstöð félagsins er opið Atlandshafið.
5. Nákvæmt bókhald er haldið yfir allt eldi félagsins.
6. Einungis er notuð vistvæn orka til eldisins.

Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri

Sæbýli bendir hér á að starfsemin á Eyrarbakka var sett í umhverfisvænan flokk sem krefst minna eftirlits af hálfu UST. Starfsemin sem fyrirhuguð er í Grindavík er að öllu leiti sambærileg.

Það er mjög ólíklegt að bráðamengun verði frá starfsemi Sæbýlis í haf og vatn þar sem engin hættuleg efni eru til staðar í eldisstöðinni í því magni að geta skaðað umhverfið. Þess vegna er félagið ekki með áhættumat eða viðbragðsáætlun gagnvart því.

Áætlun vegna tímabundinnar rekstrarstöðvunar Áætlun vegna rekstrarstöðvunar.xlsx

Áætlun vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar Áætlun vegna rekstrarstöðvunar.xlsx

Umsókn um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó og talin er upp í a-lið í viðauka I í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda skal auk þess fylgja:

Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar (Sýniseintak)

Staðfesting á að starfsemin hafi tryggingu í samræmi við Fylgiskjal vegna starfsleyfisumsóknar Sæbýlis á Ægisgötu 1 Grindavík.docx lög nr. 33/2004

Áhættumat vegna bráðamengunar hafs og stranda Fylgiskjal vegna starfsleyfisumsóknar Sæbýlis á Ægisgötu 1 Grindavík.docx

Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda Fylgiskjal vegna starfsleyfisumsóknar Sæbýlis á Ægisgötu 1 Grindavík.docx

Viðbragðsáætlunin skal byggja á (áhættumati)

Viðbótargögn

Viðbótargögn

